

Undirbúningsstjórn um sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Fyrsti fundur haldin á ZOOM, miðvikudaginn 23. mars kl. 8:30.

Mætt voru:

- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Eyþór Einarsson, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

1. Val á formanni undirbúningsstjórnar

Hrefna lagði til að Sigfús yrði kjörinn formaður undirbúningsstjórnar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Sigfús tók við stjórn fundarins.

2. Verkefni undirbúningsstjórnar og tímalína

Yfirlit yfir reglur og gjaldskrár sveitarfélaganna þarf að vera tilbúið fyrir 8. apríl en sú vinna er hafin.

Undirbúningsstjórn leggur til að samþykktir Sveitarfélagsins Skagafjarðar gildi þar til sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags setur sveitarfélaginu samþykktir.

Róbert fór yfir drög að tímalínu fyrir verkefnið.

Hrefna og Sigfús munu tengja saman endurskoðendur sveitarfélaganna tveggja til að undirbúa samræmingu á fjárhag.

3. Samræming fjárhagsáætlana og upplýsingakerfa

Ferlið er hafið hjá báðum sveitarfélögum. Fjármálastjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar í samráði við endurskoðendur sveitarfélaganna var falið að sjá um samræmingu fjárhagsáætlana. Hrefna og Sigfús munu vera þeim til aðstoðar eftir þörfum.

Samræming upplýsingakerfa er hafin í samstarfi héraðsskjalavarðar og skjalastjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

4. Val á nafni nýs sveitarfélags

Stefnt verður að því að halda skoðanakönnun fyrir íbúa sveitarfélaganna vegna heiti sameinaðs sveitarfélags. Ákveðið að hafa hana samhliða sveitarstjórnarkosningunum og á pappír en ekki rafrænt.

Ákveðið að fyrst fari fram rafræn hugmyndasöfnun meðal íbúa þar sem kallað verði eftir hugmyndum að nafni sameinaðs sveitarfélags. Í framhaldi af því mun undirbúningsstjórnin senda tillögur til Örnefnanefndar til umsagnar.

Róberti falið að hafa samband við Betra Ísland og hefja ferlið í samráði við Sigfús.

5. Mannauðsmál

Stefnt er að því að halda rafrænan fund fyrir starfsfólk sveitarfélaganna í apríl til upplýsingar um sameiningarferlið og taka á mótí ábendingum og spurningum starfsfólks um mögulegar breytingar vegna sameiningarinnar.

6. Samningur við RR ráðgjöf/KPMG um verkefnisstjórn og ráðgjöf

RR lagði fram tillögu og kostnaðaráætlun verkefnisins þar sem ráðgjafar munu halda utan um verkefnisstjórn verkefnisins. Stefnt verði að því að nefndin fundi vikulega á verkefnistímanum.

Hrefnu og Sigfúsi falið að semja við ráðgjafa um verkefnisstjórn og ráðgjöf. RR mun senda uppfærða tillögu og kostnaðaráætlun á Hrefnu og Sigfús.

7. Næsti fundur undirbúningsstjórnar

Ákveðið að undirbúningsstjórn fundi almennt á þriðjudögum kl. 8:00.

Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði fimmtudaginn 31. mars kl. 8.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.